

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 30/2018

2019/EES/98/30

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2071 frá 22. september 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 að því er varðar aðferðir við vöktun á losun koltvísýrings og reglur um vöktun annarra viðeigandi upplýsinga ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 21aw (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 2071**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2071 frá 22. september 2016 (Stjttð. ESB L 320, 26.11.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/2071, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 320, 26.11.2016, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.